

## Stéttarsamband bænda

Bændahöllin – Hagatorgi 1 – Sími 29433 – Pósthólf 7040 – 127 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. B 116 / 616

komudagur 16 / 12 / 1992

Reykjavík 14.12. 1992.

Efnahags- og viðskiptanefnd  
b.t. Vilhjálms Egilssonar  
Alþingi  
150 Reykjavík

Stéttarsamband bænda hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á skattamálum.

Hér eru á ferðinni viðtækar breytingar sem varða landbúnaðinn mikils á ýmsan hátt, bæði beint og óbeint. Í eftirfarandi umfjöllun verður ekki vikið að öðrum atriðum en þeim sem varða landbúnaðinn beint.

### I. Samþykkt Stéttarsambands bænda á aðalfundi 1992.

Á síðasta aðalfundi Stéttarsambands bænda var samþykkt ítarleg ályktun um skattamál landbúnaðarins, sem fylgir hér á eftir:

"Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1992 skorar á stjórnvöld að koma til framkvæmda eftirfarandi leiðréttingum á skattareglum:

1. Að heimilt verði að færa kostnað, sem leiðir af kaupum á framleiðsluheimildum, að fullu til gjalda á skattframtali.
2. Seljandi framleiðsluheimilda (greiðslumarks og/eða fullvirðisréttar) verði heimilt að afskrifa að fullu viðkomandi rekstrarbyggingar og ræktun á móti þeim tekjum, sem leiða af sölu framleiðsluheimilda, þar sem sala slíkra heimilda er í reynd sala á þeim hluta viðkomandi fasteignar, sem skapar rekstrarstöðuna.
3. Við kaup á búfé verði heimilt að gjaldfæra mismun á kaupverði og skattmati viðkomandi búfjár hverju sinni. Fundurinn telur ekki eðlilega að verki staðið þegar tekjufæra þarf allt söluverð en gjaldfæra aðeins hluta þess og bendir sérstaklega á fjárskipti vegna förgunar á riðufé í því sambandi.
4. Uppsafnað tap vegna búreksturs verði heimilt að nýta til frádráttar s.s. verið hefur og breytt verði ákvæðum um að það fymist á 5 árum. Bent er á að rekstartap getur getur oft hlotist af óviðráðanlegum orsökum og tekið langan tíma að vinna það upp, m.a. vegna þeirra ströngu framleiðslutakmarkana sem í gildi eru og allar líkur eru fyrir að muni verða framvegis og mikill kostnaður fylgir því að afla aukinna framleiðsluheimilda.
5. Að aflétt verði margvíslegri gjaldtöku af íslenskum landbúnaði, t.d. aðstöðugjaldi, sem t.d. þekktist ekki í nálægum löndum.

Þá telur fundurinn að heimila eigi niðurfellingu lögboðinna brunatrygginga af húsum sem ekki nýtast og beri þá bændur sjálfir ábyrgð á viðkomandi byggingu."

### **Skattaleg meðferð verslunar með greiðslumark.**

Í þessari samþykkt koma fram helstu áherslur landbúnaðarins varðandi skattamál. Sérstaklega athygli ber að vekja á þeim atriðum er snerta skattalega meðferð á viðskiptum með fullvirðisrétt, en um hana hefur staðið ágreiningur milli bænda og skattayfirvalda.

### **Skattmat búfjár.**

Einnig ber bryna nauðsyn til að endurskoða skattareglur þær sem gilda um verslun með líffé. Það kemur sérstaklega hart niður á þeim bændum sem hafa þurft að skera niður fé sitt sökum riðuveiki. Þeir færa bætur vegna riðuveiki sem tekjur á skattframtali, en geta ekki fært kaupverð þeirra líflamba sem keypt eru til endurnýjunar sem kostnað, heldur geta einungis fært skattmat búfjár sem kostnað. Það hefur í för með sér að greiddur er tekjuskattur af hluta niðurskurðabóta, vegna þess að ekki er hægt að færa kostnað á móti.

Einnig ber að minna á að skattmat búvara, sem framleiðendur taka til eigin neyslu, þarf að breytast eftir að framleiðendur fá greiddan til sín ákveðinn hluta af framleiðslukostnaði.

## **II. Tryggingargjald.**

36. gr.

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingargjald er kveðið á um að landbúnaður og ferðaþjónusta skuli vera í sérstökum gjaldflokki, sem er 2.5% af launahluta í framleiðslunni.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að tryggingargjaldið er þannig úr gærði gert að það íþyngir innlendri framleiðslu umfram innflutta vöru. Þeim mun stærri hluti af verðmyndun vörunnar sem fer fram hérlandis, þeim mun hærrí er innlendir launahluti. Það leiðir af sér að tryggingargjaldið verður þeim mun hærra sem innlend laun eru hærrí hluti af verðmyndun vörunnar. Þetta stingur m.a. í stúf við stefnu stjórnvalda sem birtist m.a. í margháttuðum auglýsingum um nauðsyn þess að kaupa frekar innlenda vöru en erlenda.

Einnig ber að nefna að þegar tryggingargjaldið var sett á, þá áttu að fylgja því ákveðin réttindi fyrir bændur, svo sem skilgreind réttindi er varðar atvinnuleysisbætur. Þrátt fyrir mikinn eftirrekstur og endurteknar ítrekanir, þá hafa réttindi bænda í þessu sambandi ekki verið skilgreind enn, eins og heitið var við setningu laganna.

### III. Virðisaukaskattur.

43. gr.

Við 14. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með síðari breytingum skal bætast eftirfarandi ákvæði:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal virðisaukaskattur af sölu á eftirtalinni vöru og þjónustu vera 14%:


#### 2. Útleiga hótél- og gistiherberga og önnur gistiþjónusta.

Stéttarsamband bænda mótmælir framkomnum hugmyndum um að leggja VSK á ferðaþjónustu, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Ferðaþjónusta er ein fárra atvinnugreina í landinu sem hefur vaxið að umfangi á liðnum árum. Ber þar sérstaklega að nefna þá þróun sem átt hefur sér stað hjá Ferðaþjónustu bænda, en þar má sjá dæmi um þá möguleika sem felast í sveitum landsins, ef vel er á málum haldið. Álagning VSK á ferðaþjónustu mun draga úr samkeppnishæfni hennar við ferðaþjónustu í nálægum löndum. Samkeppni um ferðamenn harðnar sífellt, ekki síst eftir að Austur Evrópu opnaðist. Því gæti aukin opinber skattheimta af ferðaþjónustu hérlendis haft alvarlegar afleiðingar í för með sér varðandi vaxtarmöguleika greinarinnar.

Þá vill Stéttarsamband bænda ítreka í þessu sambandi að núverandi fyrirkomulag sem gildir almennt um álagningu virðisaukaskatts á búvörur. Við undirbúning laga um söluskatt (og síðar virðisaukaskatt) varðaði SB við þá framkomnum hugmyndum um að reikna skatthlutfallið að fullu ofan á matvælaverð og draga síðan úr áhrifum þess með endurgreiðslum á heildsölustig en lagði ákvæðið til að á skattinum væru tvö þrep, og búvörur féllu undir hið lægra. Það hefur komið á daginn að ótti sambandsins um að það fyrirkomulag sem valið var héldi ekki, var á rökum reistum. Við núverandi fjárlagagerð er lagt til að stórlega verði dregið úr endurgreiðslum á VSK, þannig að skattaálagur á matvæli munu aukast stórlega. Það er algerlega á skjön við þá umræðu sem verið hefur uppi bæði hérlendis og erlendis að lækka beri álagningu VSK á matvæli. M.a. kemur fram í framlögðu frumvarpi um breytingar á skattalögum að innan EB er rætt um að VSK á matvæli eigi einungis að verða 5%. Því ganga fyrrgreind áform stjórnvalda þvert á þessa umræðu og stefnumörkun.

Virðingarfyllst

f.h. Stéttarsambands bænda



Hákon Sigurgrímsson framvæmdastjóri.